

Alþingi
b.t. nefndarsviðs
150 Reykjavík

Selfoss, 13. nóvember 2019

Efni: Umsögn Matvælastofnunar vegna frumvarps til laga um matvæli (sýklalyfjanotkun), 229. mál.

Vísað er til erindis dags. 24. október sl. vegna frumvarps til breytinga á lögum um matvæli (sýklalyfjanotkun), þingskjal 247 – 229. mál.

Í frumvarpinu er mælt fyrir um nýtt ákvæði, þess efnis að fyrirtækjum sem hafa með höndum smásölu matvæli skuli tryggja með merkingu í sölurýmum að neytendur hafi greiðan aðgang að upplýsingum um upprunaland matvælna og meðalnotkun sýklalyfja við framleiðslu matvæla í viðkomandi ríki. Sem og að Matvælastofnun skuli gefa út árlegar leiðbeiningar um miðlun upplýsinga um sýklalyfjanotkun við framleiðslu matvæla.

Matvælastofnun telur rétt að benda á nokkur álitaefni sem nauðsynlegt er að skoða nánar og telur nauðsynlegt að huga betur að efni frumvarpsins og hvort það nái þeim tilgangi sem því er ætlað. Stofnunin telur vafa á að svo sé. Þá verður ekki séð að frumvarpið sé í samræmi við skuldbindingar sem kveðið er á um í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið m.a. varðandi regluverk um merkingar matvæla (þ.e. miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda).

1. Gildissvið.

Samkvæmt 4. gr. laga um matvæli nr. 93/1995 eru matvæli skilgreind með svohljóðandi hætti: „Matvæli eru hvers konar efni eða vörur, hvort sem þau eru fullunnin, unnin að hluta eða óunnin, sem fólki er ætlað að neyta eða sem eðlilegt er að vænta að fólk neyti. Hugtakið „matvæli“ tekur einnig til drykkja, tyggigúmmis og hvers kyns efna, þ.m.t. neysluvatns, sem bætt er af ásettu ráði í matvæli við framleiðslu þeirra, vinnslu eða meðferð, svo og fæðubótarefna.“

Af þessari skilgreiningu er ljóst að frumvarpið getur eðli málsins skv. ekki átt að ná til allra matvæla, enda hefur það einungis áhrif á óverulegan hluta þeirra matvæla sem eru á markaði.

2. Uppruni matvæla.

Þær reglur sem er að finna í reglugerð nr. 1294/2014 um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda (reglugerð sem innleiðir reglugerð Evrópusambandsins nr. 1169/2011) um uppruna matvæla, gera að það verkum að mjög erfitt mun reynast að framfylgja ákvæðinu og það setur óeðlilegar kröfur á smásala matvæla sem erfitt er að sjá að þeir geti staðið undir.

Þannig má sem dæmi nefna að að matvæli úr dýraríkinu eru oft á tíðum samsett úr afurðum frá fleiri en einu landi. Þá eru matvæli sem koma af dýrum sem alin eru í einu landi en eru meðhöndluð eða unnin með einhverjum hætti í öðru landi að öllu jöfnu merkt ríkinu þar sem matvælin voru unnin síðast. Þannig geta upplýsingar um meðalnotkun sýklalyfja í því landi þar sem matvælin eru unnin ekki gefið réttar upplýsingar um aðstæður þar sem dýrið var alið sem kjötið kom af.

3. Upplýsingar um lyfjanotkun.

Í frumvarpinu segir m.a.: „að neytendur hafi greiðan aðgang að ... meðalnotkun sýklalyfja við framleiðslu matvæla í viðkomandi landi“.

Athygli er vakin á að upplýsingar um meðalnotkun sýklalyfja við framleiðslu afurða úr mismunandi dýrategundum liggja ekki fyrir. Einungis eru til aðgengileg gögn um sölu sýklalyfja fyrir dýr í skýrslu sem Lyfjastofnun Evrópu gefur út árlega. Tölur um sölu á sýklalyfjum eru ekki aðgreinanlegar niður á dýrategundir

og gefa því ekki upplýsingar um meðalnotkun við framleiðslu á afurðum úr hverri tegund. Ný reglugerð Evrópusambandsins um dýralyf (EB/2019/6) var birt í upphafi árs. Í reglugerðinni eru ákvæði um að Evrópuríki skuli innan ákveðins tíma safna gögnum um notkun á sýklalyfjum á hverju búi. Þessa ákvæði taka þó ekki að fullu gildi í Evrópusambandinu fyrr en 2027 og þá fyrir öll afurðargefandi dýr. Umræddum gögnum ber ríkjunum síðan að skila til Lyfjastofnunar Evrópu sem mun greinir þau og gefa út árlega með skýrslu. Reglugerðin mun líklegast einnig taka gildi hérlendis en óvíst er um tímaramma fyrir innleiðinguna.

Ekki er vitað um hvort upplýsingar um lyfjanotkun í löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins liggja fyrir og ef slík gögn liggja fyrir, hvort þau séu samanburðarhæf við þau gögn sem liggja fyrir frá löndum innan EES. Einnig getur sýklalyfjanotkun í mönnum skipt máli vegna mögulegrar krossmengunar á sýklalyfjaónæmum sýklum við meðhöndlun og vinnslu matvæla.

Í greinargerð með frumvarpinu segir: „12. apríl 2017 skilaði starfshópur sem heilbrigðisráðherra skipaði greinargerð um aðgerðir til að draga úr útbreiðslu sýklalyfjaónæmra baktería á Íslandi. Í greinargerð starfshópsins og í bresku skýrslunni er fjallað um mikilvægi þess að auka meðvitund almennings um hættuna sem fylgir ofnotkun sýklalyfja.“

Matvælastofnun vill benda á að mörg atriði hafa áhrif á notkun á sýklalyfjum m.a. sjúkdómastaða og val á sýklalyfjum og geta sölutölur sýklalyfja einar og sér því ekki gefið upplýsingar um hvort um ofnotkun sé að ræða. Einnig ber að hafa í huga að mikill munur getur verið á sýklalyfjanotkun á milli einstaka bónda eða fyrirtækja þar sem notkun getur verið hlutfallslega mun minni eða meir en meðalnotkun sýklalyfja í viðkomandi landi og því ekki hægt að draga ályktun út frá heildarsölutölum í landinu. Að lokum vill Matvælastofnun benda á að notkun sýklalyfja á bæ A þýðir ekki endilega að dýr af bæ A eða afurðir þeirra hafi sýklalyfjaónæmar bakteríur. Sömuleiðis er ekki víst að dýr af bæ B og afurðir þeirra séu laus við sýklalyfjaónæmar bakteríur þó svo að sýklalyf hafi ekki verið notuð á bænum.

Í greinargerð með frumvarpinu segir einnig: „Þótt mikið hafi verið fjallað um notkun sýklalyfja og hættuna sem fylgir sýklalyfjaónæmum bakteríum hefur heildstæða stefnu vantað á Íslandi.“

Matvælastofnun vill jafnframt vekja athygli á að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og heilbrigðismálaráðherra undirrituðu 8. febrúar sl. yfirlýsingu um sameiginlegt átak til að draga úr útbreiðslu sýklalyfjaónæmra baktería. Með yfirlýsingunni urðu tillögur starfshópsins sem heilbrigðisráðherra skipaði að opinberri stefnu íslenskra stjórnvalda í baráttunni gegn þessari vaxandi ógn. Í lok maí greindi forsætisráðherra frá því að ríkisstjórnin hefði samþykkt aðgerðir í málaflokknum að tillögu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og Svandísar Svavarsdóttur. Að auki samþykkti Alþingi þingsályktun þann 19. júní sl. um aðgerðaáætlun um matvælaöryggi og vernd búfjárstofna þar sem tekið er fram að átak verði gert til að draga úr útbreiðslu sýklalyfjaónæmra baktería á Íslandi.

F.h. Matvælastofnunar,



Viktor S. Pálsson